

Stjórnarfundur Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Haldinn í Safnahúsinu á Húsavík, miðvikudaginn 25. mars 2026 kl. 18.00

Mættir voru:

Halldór Jón Gíslason stjórnarformaður, Gerður Sigtryggsdóttir stjórnarmaður, Hjálmar Bogi Hafliðason stjórnarmaður, Katý Bjarnadóttir stjórnarmaður, Knútur Emil Jónasson stjórnarmaður, Árni Pétur Hilmarsson forstöðumaður og Sírý Örvarsdóttir ráðgjafi. Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir stjórnarmaður tók þátt í fundinum í gegn um fjarfundabúnað.

Gerður Sigtryggsdóttir ritar fundargerð.

Halldór Jón Gíslason formaður setur fund.

1. Verkefnaáætlun 2026– forstöðumaður gerði grein fyrir framgangi verkefnaáætlunar
2. Fjárhagsáætlun 2026 – Verðlagshækkun á milli ára er 4,25%. Gert er ráð fyrir rekstrarafgangi upp á 2,5 mkr.
3. Styrkir 2026 og komandi verkefni – vel hefur gengið að sækja styrki og vinna úr þeim. Má þar nefna:
 - 1,6 mkr sem var nýttur í að tengja beituskúr við sýningu á útisvæði. Búið að hreinsa vel til á útisvæðinu, bara eftir að vélsópa svæðið sem býður upp á ýmsa möguleika.
 - 1,5 mkr í lýsingu á sjóminjasafn sem verður unnið í áföngum
 - styrkur fékkst í gerð hljóðleiðsögnar á Snartarstöðum, verkefnið er í vinnslu og er langt komið. Á vegum Þjóðminjasafnsins verður farið í stóra viðhaldsframkvæmd á Grenjaðarstað.
 - 300 þús kr. fengust í fræðsluverkefnið Garðar, Náttari og landnámið
 - 530 þús kr fengust frá SSNE í verkefnið *Söfnun á sögum eldri kynslóða í Þingeyjarsýslum* sem kemur til framkvæmda á síðari hluta ársins.
 - 1.136 þúsund kr fengust í styrk frá Digimuse sem er evrópskt samstarfsverkefni
4. Sýningar og viðburðir 2026 – forstöðumaður gerði grein fyrir helstu sýningum og viðburðum sem komnir eru á dagskrá á árinu
5. Viðhald 2026 – Lögð verður áhersla á að ljúka málun á tréverki utanhúss við Safnahúsið og þakskiptin hefjast með vorinu.
6. Kynningarmál – Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 1,5 mkr í kynningarmál. Svo virðist sem auglýsingar í bæklingum og bókum séu ekki að skila greinilegum árangri svo það verður dregið úr þar. Skiltin sem sett voru upp við Húsavíkurhöfn á sl. ári skila greinilega auknum fjölda ferðamanna í Safnahúsið. Eins er góður árangur af virkni á samfélagsmiðlum og heimasíðu.

7. Árbók Þingeyinga – Uppgjöri síðasta árs er ekki lokið en vísbendingar eru um að reksturinn verði neikvæður um uþb 100-200 þús kr. Verkefnið er mikilvæg heimildasöfnun og mun halda áfram. Búið er að lesa þónokkuð af völdum sögum úr árbókinni inn á segla fyrir heyrnartól og munu sögurnar einnig verða aðgengilegar á Spotify.
8. Starfsmannamál – búið er að ráða í all flestar stöður eða eru ráðningar í ferli. Samstarfssamningar við VMST hafa skilað góðum árangri.
9. Verkefni síðasta árs – forstöðumaður fór yfir helstu verkefni og viðburði síðasta árs.
10. Opnunartími 2026 – forstöðumaður lagði fram tillögu um óbreyttan opnunartíma frá fyrra ári og var tillagan samþykkt samhljóða af stjórn.
11. Ráðning Forstöðumans. Stjórn felur formanni að ganga til samningaviðræðna við Árna Pétur og Sirrý um áframhaldandi störf og starfshlutföll.
12. Önnur mál – forstöðumaður gerði grein fyrir helstu verkefnum Ljósmyndasafnsins og Héraðsskjalasafnsins á liðnu ári.

Fundi slitið kl. 19.10